



Reykjavík, 18. ágúst 2021

PON21070020

Til Borgarráðs
Ráðhús Reykjavíkur

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins varðandi vélarsali til að hýsa gögn Reykjavíkurborgar - R21050180

Vísað er til bréfs, dagsett 21. maí 2021, þar sem óskað er eftir svörum frá Þjónustu- og nýsköpunarsviði um upplýsingar varðandi vélarsali til að hýsa gögn Reykjavíkurborgar.

Virðingafyllst,

Friðþjófur Bergmann
Skrifstofustjóri upplýsingatæknipjónustu

Reykjavík, 18. ágúst 2021
PON21050020

Svar

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Friðþjófur Bergmann, skrifstofustjóri upplýsingatækniþjónustu

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins varðandi vélarsali til að hýsa gögn Reykjavíkurborgar - R21050180

Á fundi borgarráðs þann 20. maí 2021, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins, sbr. 56 lið fundargerðar ráðsins s.d.:

Borgarfulltrúi Flokks fólksins skilur að endurnýja þarf búnað sem kominn er til ára sinna og vill að leitað sé allra leiða til lausna svo framarlega sem hagræðing og sparnaður hljóttist af því. En ekki er hægt að sjá neins staðar svo vel sé hvort hagræðing verði af þessu verkefni miðað við núverandi rekstrarkostnað og síðan árlegan kostnað við úthýsingu næstu árin. Hvaða aðrir möguleikar hefðu verið í stöðunni sem dæmi og eins hvort ekki væri hægt að taka verkefnin í skrefum. Það er eins og allt sé ónýtt og kaupa þarf allt nýtt. Borgarfulltrúinn er ekki sérfræðingur í vélarsölum en spyr sig samt hvort minni salur gæti hýst gögn borgarinnar. 1. Er búið að reikna til enda hvort hagræðing verði af þessu verkefni miðað við núverandi rekstrarkostnað og svo árlegan kostnað við úthýsingu næstu árin? 2. Án þess að borgarfulltrúinn telji sig sérfræðingur í rekstri vélasala, leikur honum forvitni á að vita hvort hægt hefði verið að halda gögnum borgarinnar hjá borginni en þá í nýrri og minni sal en þeir sem fyrir eru?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar Þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsett þann 21. maí 2021.

Svar:

Er hagræðing af verkefninu og í hverju er hún þá fólgin?

Í dag rekur borgin tvo vélasali sem hannaðir voru út frá helstu viðmiðum og tækni á þeim tíma, þ.e. annars vegar ársins 1989 og hins vegar ársins 2007. Að auki rak borgin þriðja vélasalinn um tíma þar sem öryggisafritun var hýst en sú afritun lagðist af og var úthýst árið 2019. Grundvöllur fyrir eigin rekstri þess vélasalar brast vegna óvænts aukins kostnaðar við rekstur og endurnýjun bæði afritunarbúnaðar sem og loftræsti- og kælibúnaðar í salnum. Þessi aukni kostnaður var tilkominn vegna þróunar í tækni sem gerði rekstur búnaðarins óhagkvæmari en úthýsingu.

Rýni í kostnað við rekstur vélasala borgarinnar leiddi í ljós að rekstri og viðhaldi þeirra er þegar úthýst að lang mestu leyti í dag, þar sem þjónustuaðilar hafa eftirlit með og viðhalda, slökkvikerfi, loftræsti- og kælikerfi, ábyrgðar- og viðhaldsþjónustu á netþjónum og gagnastæðum sem og miðlægum netbúnaði.

Hjá Reykjavíkurborg eru ekki og hafa um árábil, ekki verið til staðar auðlindir og þekking til að hámarka afköst og nýtni vélasala og hefur þessi þjónusta því verið keypt af ytri aðilum með misjöfnum árangri. Ástæða þess að ekki hefur verið til þekking innan borgarinnar er sú að um mjög sérfhæfða þekkingu er að ræða á mörgum tegundum kerfa og búnaðar og því þyrfti að ráða marga aðila til að sjá um vélasali en slíkt væri mjög óhagkvæmt. Öll núverandi þjónusta er þó þeim annmörkum háð að þjónustuaðilar bera litla ábyrgð á endanlegum afköstum búnaðar því búnaðurinn er í og á ábyrgð borgarinnar.

Með úthýsingu í gagnaver skapast það hagræði að eingöngu er greitt er fyrir aðgang að afkastagetu og afköst, sem sagt eingöngu þær auðlindir sem sannarlega eru notaðar. Borgin notar t.d. afkastagetu vélasala nær eingöngu 8-10 klst. á sólarhring. Gagnaver mun geta útvegað afkastagetu til borgarinnar þessar 10 klst. en selt öðrum aðila afkastagetuna hinar 14 klst. sólarhringsins. Með þessu móti getur vel rekið gagnaver náð stærðarhagkvæmni og selt borginni afkastagetu ódýrar en borgin hefði sjálf getað keypt og rekið hana fyrir.

Hagræðingin er því fólgin í því að borgin hættir að úthýsa þessum rekstri til margra aðila sem hver og einn ber litla sem enga ábyrgð á heildarvirkni, öryggi og afköstum á fokdýrum búnaði. Í stað þess úthýsir borgin rekstrinum til eins aðila sem innheimtir eingöngu fyrir þær auðlindir og afköst sem borgin sannarlega notar og ber alla ábyrgð á öryggi og að útvega nægilegar rekstrarauðlindir m.t.t. þarfa borgarinnar hverju sinni. Hagræði er einnig fólgið í að stuðla að aukinni umhverfisvernd með því að tryggja að sá tölvubúnaður sem notaður er sé sem best nýttur við bestu mögulegu aðstæður.

Hvaða aðrir möguleikar eru mögulegir og hefði verið hægt að hluta verkefnið niður í smærri verkefni?

Aðrir möguleikar í stöðunni eru að leggja í þá vinnu að endurhanna og byggja nýja vélasali. En eins og fjallað er um hér að framan sýndi rýni í rekstrarkostnað vélasala að bróðurparti rekstursins er þegar úthýst. Að útvega húsnæði, rafmagn og fé til fjárfestingar í miðlægum búnaði er í raun eina aðkoma UTR að rekstri vélasala borgarinnar í dag. Árangur á þessu fyrirkomulagi hefur verið takmarkaður og þetta fyrirkomulag er á öndverðu meiði við hvernig áætlað er að rekstur upplýsingatækniinnviða muni þróast á komandi árum, með aukinni skýjavæðingu og skalanleika miðað við afkastapörf hverju sinni.

Er búið að reikna til enda hvort hagræðing verði af þessu verkefnið miðað við núverandi rekstrarkostnað í samburði við áætlaðan kostnað við úthýsingu næstu árin?

Það hefur verið áætlað hver hagræðing af verkefninu gæti orðið miðað við þau verð sem aðrir opinberir aðilar hafa fengið. Forsendur þeirra útreiningar breytast þó reglulega vegna þess að umhverfi vélasala, þróun örgjörvataekni, geymslutækni og annars breytist hratt. Áætlað er að hagræðið verði ekki mikið fjárhagslega, þ.e. að kostnaður verði ekki mikið lægri enda er stöðugur vöxtur í notkun upplýsingatækni. Hagræðið felst einkun í því að ekki er reiknað með miklum viðbótarkostnaði til að tryggja kröfur í náinni framtíð um meiri afköst, áreiðanleika og öryggi sem og að þjónusta upplýsingatækniinnviða við starfsemi verði sífellt meiri.



Hefði nýrri og minni vélasalur getað hýst gögn borgarinnar?

Nýr og minni vélasalur hefði getað hýst gögn borgarinnar en til að standast kröfur um öryggi, uppitíma, öryggisafritun o.þ.h. þá hefði borgin þurft að endurhanna salina, finna þeim aðra staði og fleira. Það ferli hefði verið dýrt og lokaafurðin hefði að mati UTR orðið dýrari og óhagstæðari í rekstri í rekstri en úthýsing til gagnavers. Það var því ekki álitlegur kostur.

Virðingafyllst,

Friðþjófur Bergmann
Skrifstofustjóri upplýsingatækniþjónustu